



Vegagerðin  
B.t. Hreins Haraldssonar, forstjóra  
Borgartúni 5-7  
105 Reykjavík

Akranesi, 21. júní 2016  
1601468 RÁ/sa

**Efni: *Innesvegur (þjóðvegur í þéttbýli) og Faxabraut***

Á fundi bæjarráðs Akraness, sem haldinn var þann 16. júní síðastliðinn, var fjallað um Innesveg og Faxabraut og undirritaðri falið að fylgja málunum eftir gagnvart Vegagerðinni. Samskipti vegna málanna fram til þessa hafa einkum verið á milli Sigurðar Páls Harðarsonar sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs Akraneskaupstaðar og Ingva Árnasonar umdæmastjóra Vegagerðarinnar í Vesturlandsumdæmi og því er afrit bréfs þessa sent á þá.

**Varðandi Innesveg** þá hefur Akraneskaupstaður um árabil gert athugasemdir við ástand vegarins við Vegagerðina sbr. m.a. meðfylgjandi erindi dags. 14. ágúst 2012 sem undirritað var af Árna Múla Árnasyni þáverandi bæjarstjóra Akraneskaupstaðar og Þorvaldi Vestmann þáverandi framkvæmdastjóra framkvæmdastofu og skipulags- og umhverfisstofu Akraneskaupstaðar. Þar er því mótmælt harðlega að ábyrgð á vegkaflanum sé færð frá Vegagerðinni og til sveitarfélagsins án þess að honum sé fyrst komið í ásættanlegt horf. Fyrir liggur skýrsla frá VSÓ ráðgjöf frá árinu 2008 sem tekur m.a. til vegkaflans þar sem gerð er grein fyrir ástandinu og kostnaði vegna endurbóta sem miðaðist við endurbyggingu og að grafið yrði niður á fast. Kostnaðartölur miðað við þær hugmyndir eru í skýrslunni tilteknar að fjárhæð 248 mkr.

Af samskiptum Sigurðar Páls og Ingva Árnarsonar nú undanfarið má ráða að Vegagerðin gerir ráð fyrir að kaupstaðurinn yfirtaki rekstur Innesvegar og þar með ábyrgð á viðhaldi árið 2019. Þangað til er gert ráð fyrir að Vegagerðin greiði fyrir þjónustu á veginum samkvæmt samningi og annist almennt viðhald. Samkvæmt viðhaldsáætlun er gert ráð fyrir yfirlögn á veginn á tímabilinu 2016 til 2019 og áætlaðar kr. 24. mkr. til verksins. Aðrar framkvæmdir eru ekki áætlaðar fram til áætlaðrar yfirtöku Akraneskaupstaðar á vegkaflanum.



## Akraneskaupstaður

Ljóst er að yfirtaka Akraneskaupstaðar á rekstri á Innnesvegi að óbreyttu er óásættanleg fyrir Akraneskaupstað og ekki í samræmi við 129. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 sbr. einnig athugasemdir með frumvarpinu.

Undirrituð óskar eftir fundi með þér sem fyrst til að eiga kost á að ræða þessa stöðu og fara yfir öll sjónarmið í málinu.

**Varðandi Faxabrautina** á Akranesi er rétt að upplýsa að unnið er nú að skipulagsvinnu vegna framtíðaruppbyggingar á Sementsreitnum svokallaða en í árslok 2013 eignaðist Akraneskaupstaður landssvæðið með samningum á milli kaupstaðarins og Sementsverksmiðjunnar. Stór hluti skipulagsvinnunnar lítur að breytingum á Faxabrautinni en ástand götunnar er mjög bágborið og kærkomið væri að eiga kost á að ræða við sama tækifæri um mögulega kostnaðarþátttöku Vegagerðarinnar vegna slíkra framkvæmda sem m.a. lúta að sjóvörnum.

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,

  
Regína Ásvaldsdóttir  
bæjarstjóri

Fylgigögn:

1. Erindi Akraneskaupstaðar til Vegagerðarinnar, dags. 14. ágúst 2012.

Afrit:

1. Sigurður Páll Harðarson, sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs Akraneskaupstaðar.
2. Ingvi Árnason, Vegagerðin Vesturlandsumdæmi, Borgarbraut 66, 310 Borgarnesi.





## Akraneskaupstaður

Vegagerðin, Vesturlandsumdæmi  
b.t. Magnúsar V. Jóhannssonar,  
svæðisstjóra Norðvestursvæðis  
Borgarbraut 66  
310 Borgarnes

Akranesi, 14. ágúst 2012  
1205121 ÁMJ/PVM/ahj

### Efni: Innesvegur - niðurfelling vega af vegskrá

Vísað er til bréf þíns, dags. 16. maí s.l. þar sem tilkynnt er um þá fyrirætlan Vegagerðarinnar að hætta að greiða fyrir viðhald og þjónustu vegna Innesvegar á Akranesi frá og með næstu áramótum en Akraneskaupstaður hefur annast um nefndan veg fyrir Vegagerðina um alllangt skeið skv. samningum þar að lútandi.

Ljóst er að skv. þeim lögum sem vísað er til í bréfinu eru hinir ýmsu vegir skýrt flokkaðir af hálfu löggjafans. Akraneskaupstaður telur hins vegar með öllu óásættanlegt að hluti þeirra vega sem verið hafa á ábyrgð Vegagerðarinnar séu færðir í hendur sveitarfélaga án þess að þeim séu tryggt fé til að standa undir rekstri þeirra. Í þessu sambandi má benda á að löggjafinn hefur lagt áherslu á þetta í nýjum sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011, sbr. 129. gr. þeirra laga og athugasemdum með þeim ákvæðum í lagafrumvarpi sem varð að lögum nr. 138/2011. Þá vísar Akraneskaupstaður einnig í þessu sambandi til bréfs Sambands Íslenskra sveitarfélaga til innanríkisráðherra, dags. 23. janúar sl, og tekur undir þau rök og sjónarmið sem þar er að finna varðandi þetta sama mál.

Akraneskaupstaður vill einnig koma á framfæri alvarlegum athugasemdum varðandi ástand Innesvegar. Í samtölum og á fundum fulltrúa kaupstaðarins með fulltrúum Vegagerðarinnar hefur, að mati kaupstaðarins, komið skýrt fram að ekki er ágreiningur um að ástand Innesvegar er með þeim hætti að brynt er að ráðast í endurgerð hans að stórum hluta fyrir en seinna. Akraneskaupstaður telur ljóst að sú endurgerð vegarins er á ábyrgð Vegagerðarinnar og telur að Vegagerðin geti ekki skilað veginum og ábyrgð á viðhaldi hans til kaupstaðarins fyrir en honum hefur verið komið í ásættanlegt horf eða Vegagerðin og kaupstaðurinn hafa samið um hvernig að því skuli standa.







## Akraneskaupstaður

Akraneskaupstaður telur ljóst að kostnaður af þeirri nauðsynlegu endurbyggingu vegarins eigi ekki að lenda á kaupstaðnum og vísar í því sambandi til framangreindra raka og sjónarmiða sem og jafnræðisreglna og sjónarmiða sem hljóta að eiga við hér og tryggja að einstök sveitarfélög og íbúar þeirra njóti jafnræðis að þessu leyti.

Akraneskaupstaður er tilbúinn að koma til fundar við Vegagerðina til að ræða framangreind mál og hvernig að þeim megi best standa og um semja.

Virðingarfyllst,

  
Árni Múli Jónasson,  
bæjarstjóri

  
Þorvaldur Vestmann,  
framkvæmdastjóri Framkvæmdastofu  
og skipulags- og umhverfisstofu